


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Janúar 2023

Jólavenjur landsmanna

Jólin eru tími hefða og jólavenjur landsmanna hafa að flestu leyti verið svipaðar gegnum árin eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Einhverjar hefðir eru þó á undanhaldi og heimsfaraldurinn hafði áhrif á aðrar. Hér á eftir er fjallað um nokkrar jólavenjur sem hafa tekið breytingum.



■ Des. '22 ■ Des. '21 ■ Des. '20 ■ Des. '19

Jólakort

Ríflega 13% sendu jólakort með hefðbundnum pósti. Í fyrra var hlutfallið 18% en það hefur minnkað jafnt og þétt síðan fyrir 12 árum þegar 74% sendu jólakort með pósti.

Tónleikar

Nær 38% fóru á tónleika fyrir-eða um jólin. Hlutfallið er farið að nálgast það sem það var fyrir heimsfaraldur en það fór niður í 17% í hitteðfyrra og var 32% í fyrra. Síðustu tíu ár fyrir faraldurinn var hlutfallið hins vegar á bilinu 42-51%.

Jólaball

Tæplega 19% fóru á jólaball (jólatrésskemmtun fyrir börn). Hlutfallið nálgast það sem það var fyrir heimsfaraldur en það fór niður í 3% í hitteðfyrra og var 10% í fyrra. Síðustu tvö ár fyrir faraldurinn var hlutfallið 23-24% en síðustu átta ár þar á undan á bilinu 27-30%.

Kirkja

Tæplega fimmtungur landsmanna fór í kirkju fyrir eða um jólin. Það er svipað hlutfall og í fyrra og fyrir heimsfaraldur en í hitteðfyrra fór hlutfallið niður í 12%. Á árunum 2010-2016 var það hærra eða á bilinu 29-34%.

Smákökur

Hátt í 59% bökuðu smákökur fyrir jólin. Það er svipað hlutfall og undanfarin ár fyrir utan í hitteðfyrra í faraldrinum þegar afköst landsmanna í smákökubakstri jukust í heimaverunni sem fylgdi samkomutakmörkunum og hlutfallið fór upp í 71%.

Jólahlaðborð

Rúmlega 48% fóru á jólahlaðborð. Það er svipað og fyrir faraldurinn þegar það var á bilinu 48-57%. Í hitteðfyrra fór hlutfallið niður í 10% og í fyrra var það 31%.

Jólaboð

Um 82% héldu eða fóru í jólaboð. Það er sama hlutfall og í fyrra en í hitteðfyrra í faraldrinum var hlutfallið 54%.

Spurt var:

- Vinsamlegast merktu við þau atriði sem eiga við um þig fyrir eða um jólin í ár. Atriðin birtust í tilviljunarkenndri röð og má sjá þau á myndinni á fyrstu síðunni.

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 21. desember 2022 til 3. janúar 2023. Heildarúrtaksstærð var 1.668 og þátttökuhlutfall var 46,3%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvalldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Jóna Karen Sverrisdóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.